

A og B gegn Noregi
Dómur frá 15. nóvember 2016 – Yfirdeild
Mál nr. 24130/11 og 29758/1

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis
Tvöföld málsmeðferð vegna skattabrota. Ne bis in idem.

1. Málsatvik

Kærendur, A og B, eru norskir ríkisborgarar, fæddir 1960 og 1965. Árið 2001 stóðu kærendur ásamt fleiri aðilum að kaupum og sölu á hlutabréfum í fyrirtækjum sem skráð voru erlendis. Kærendur gáfu þær tekjur sem þeir höfðu af viðskiptunum ekki upp til skatts til norskra yfirvalda en upphæð hins ógreidda skatts var um 3,6 milljónir evra.

Árið 2005 hófu skattayfirvöld rannsókn og 25. október 2007 var gefin út ákæra á hendur samstarfsmanni A og B sem leiddi til ákæru á hendur ýmsum öðrum aðilum, m.a. A og B, fyrir meiriháttar skattsvik. Með úrskurðum skattayfirvalda var A og B gert að greiða 30% skattaálag. Þeir voru jafnframt sakfelldir fyrir sömu skattalagabrot í samhliða sakamáli.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn réttindum þeirra samkvæmt 4. gr. 7. viðauka Mannréttinasáttmála Evrópu, en þeir héldu því fram að þeim hefði verið refsað tvívegis fyrir sama brot. Þeir hefðu verið yfirheyrdir hjá saksóknara með réttarstöðu sakbornings og í framhaldi af því ákærðir fyrir brot á skattalögum. Skattayfirvöld hefðu svo gert þeim refsingu í formi skattaálags sem þeir greiddu og síðan hefðu þeir verið sakfelldir fyrir dómi fyrir sömu háttsemi.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að öruggasta leiðin til að tryggja að ekki væri brotið gegn 4. gr. 7. viðauka væri að eftirláta einu stjórnvaldi að bregðast við refsiverðri háttsemi. Hins vegar kæmi ákvæðið ekki í veg fyrir málsmeðferð fyrir tveimur stjórnvöldum ef ákveðin skilyrði væru uppfyllt. Ríkið yrði að sýna fram á með sannfærandi hætti að önnur málsmeðferðin væri nægilega tengd hinni, bæði efnislega og í tíma. Dómstóllinn tók fram að markmiðin sem stefnt væri að og leiðirnar til að ná þeim skyldu vera samrýmanlegar og tengdar í tíma en einnig að mögulegar afleiðingar af slíku fyrirkomulagi skyldu vera í réttu hlutfalli við brotið ásamt því að vera fyrirsjáanlegar fyrir aðila máls.

Dómstóllinn setti fram nokkur atriði sem styðjast skyldi við til að meta hvort nægileg efnisleg tenging væri til staðar, þ.e. (i) hvort önnur málsmeðferðin væri hinni til fyllingar og einblíndi þar af leiðandi á mismunandi sjónarhorn brotsins sem

um ræddi, (ii) hvort hin tvöfalda málsmeðferð væri fyrirsjáanleg, bæði samkvæmt lögum og réttarframkvæmd, (iii) hvort hvor málsmeðferð um sig færi fram á þann hátt að forðast væri eftir fremsta megni að tvítaka öflun sönnunargagna og mat á þeim, helst með fullnægjandi samskiptum hlutadeigandi yfirvalda og (iv) hvort tekið hefði verið tillit til viðurlaganna úr því máli sem lauk fyrst við úrlausn þess síðara til að koma í veg fyrir að niðurstaðan yrði hluteigandi aðila óþarflega þungbær.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að önnur málsmeðferðin yrði að vera nægilega tengd hinni í tíma í því skyni að koma í veg fyrir að aðili máls þyrfti að sæta óvissu og töfum á málsmeðferð. Því lengra sem liði á milli þess að fyrri og síðari málsmeðferð lyki því meiri kröfur væru gerðar til þess að ríkið gæti útskýrt og réttlætt tafir á málsmeðferð.

Dómstóllinn tók fram að í málum kæranda hefði norska ríkið talið nauðsynlegt að bregðast við með tvenns konar hætti, með stjórnsluviðurlögum og með refsingu í opinberu sakamáli. Stjórnsluviðurlögin hefðu þann tilgang að hafa almenn varnaðaráhrif og til að bæta fyrir þá miklu vinnu og kostnað sem skattayfirvöld legðu út í til að komast að því hverjir hefðu svikið undan skatti. Refsingunni úr sakamálinu væri bæði ætlað að hafa varnaðaráhrif og til að vera í refsingarskygni fyrir hið saknæma aðgerðarleysi og tæki mið af ágóðanum af hinni refsiverðu háttsemi. Í málum kærendanna beggja hefðu ofangreind skilyrði verið uppfyllt, þ.e. að önnur málsmeðferðin væri efnislega og í tíma nægilega tengd hinni til að teljast mynda eina heild en ekki tvær aðskildar málsmeðferðir. Tók dómstóllinn sérstaklega fram að við ákvörðun refsingar í sakamálinu hefði verið tekið tillit til þess að kærundur hefðu þegar verið beittir viðurlögum í formi skattaálags. Þá hefði hin tvöfalda málsmeðferð, ásamt hinum hugsanlegu viðurlögum, verið fyrirsjáanleg, og notast hefði verið við sömu staðreyndir í báðum tilvikum. Loks hefði hvor málsmeðferð verið nægilega tengd hinni í tíma, en meðferð refsímálsins varði í innan við tvö ár eftir að stjórnslumálinu lauk.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 4. gr. 7. viðauka sáttmálans.

Einn dómari af sautján skilaði séráliti.